

Hugo Odeberg

# Mannssonurinn og leyndardómurinn

Þýð.: Böðvar Björgvinsson

**Hugo Odeberg:**

# Mannssonurinn og Leynardómurinn

TILGANGURINN með því að Jesús talar í líkingum [eða dæmisögum (παραβολη, *parabole* = það sem sett er hlið við hlið), innsk. þýð.] er skýrt gefinn til kynna. Hann gerir það “til þess að sjáandi sjái þeir ekki og heyrandi heyri þeir ekki né skilji. Á þeim rætist spádómur Jesaja...” (Matt. 13,13 eldri og réttari þýðing, einnig skv sænsku þýð.). Hér er sem sé sagt að líkingarnar séu notaðar til þess að þær skiljist ekki.

Þeim sem einhverja þekkingu hefur á ritum rabbía Gyðinga og öðrum ritum frá þessum tíma er það ljóst að alvanalegt var að nota líkingar. Líkingar voru iðulega notaðar sem tæki í alls slags kennslu, einkum þeirri sem varðaði vilja Guðs. Menn voru því þess vegna alvanir að heyra líkingar. Rabbíarnir töluðu í líkingum bæði í skólanum, við háskólana og opinberlega við önnur tækifæri eins og í prédikunum. Líkingarnar voru sem sé notaðar dagsdaglega. Líkingarnar voru hins vegar ekki notaðar í þeim tilgangi sem Jesús gefur til kynna, heldur til þess að myndgera málið, festa lærdóminn í minni og gera hann áhorfanlegan, til þess að menn skildu enn betur það sem sagt var.

Það er því mjög sérstakt og athyglisvert að Jesús segist tala í líkingum í þveröfugum tilgangi. Í þessu sambandi er vitnað í Sálmi 78,2 í Matt. 13,34-5: “Þetta allt talaði Jesús í dæmisögum (παραβολαίς, *parabolais*) til fólksins, og án dæmisagna talaði hann ekki til þeirra. Það átti að rætast, sem sagt er fyrir munn spámannsins: Ég mun opna munn minn í dæmisögum (*parabolais*), mæla fram, það sem hulið var frá grundvöllun heims (απο καταβολησ κοσμου, *apo kataboles kosmou*).” Orða-

lagið “apo kataboles kosmu” (frá grundvöllun heims) gefur greinilega sérstaka áherslu. Jesús hefur ljóslega skýrt fyrir lærisveinunum hvernig hann skildi þetta orð, sem er á hebresku *minni-qadem* (מִנִּי-קָדֶם). Það er einnig athyglisvert að Septuaginta (LXX), gríska “70-manna þýðingin” á Gamla testamentinu, þýðir ekki þetta orð, *minni-qadem* með *apo kataboles kosmu*, “frá grundvöllun heims”. Almennt má þýða orðið “frá örófi”, “frá upphafi”, “frá í gamla daga”, en lærisveinarnir hafa þurft að læra að skilja þetta eins og þessi gríska þýðing í Nýja testamentinu hefur það, sem er sem sé alls ekki þýðing LXX. Í NT er átt við það sem er þegar til þegar heimurinn er grundvallaður. Og það er það sem er *hulið*.

Líkingarnar eru ekki ætlaðar til þess að gera ljósari almenn sannindi eða reglur, eins og þær voru yfirleitt notaðar til. Nú kemur í ljós að menn hafa ekki í huga þessi orð í Matt. 13,13, þegar menn lesa og kenna í skólum að þær geri ljós tiltölulega auðskiljanleg sannindi. Það lítur einnig út fyrir að svo sé í svokallaðri útskýringu Jesú á líkingunni um sáðmanninn í Matt. 13,18 nn. Þar lítur út fyrir að þar sé skýringin gefin til þess að menn þar með geti skilið til fulls hvað líkingin felur í sér. En þetta er einmitt það sem skýrt er tekið fram að *ekki* sé tilfellið.

Út frá hverju ganga líkingarnar? Þær ganga út frá því sem er frá upphafi, þ.e.a.s. *leynardóminum*, eins og svo skýrt stendur skrifað (κεκρυμμενα, *kekrymména*, það sem er hulið (αφ κρυπτω = hylja, fela, innsk. þýð.), það er að segja hin guðdómlega hjálpræðisáætlun, áætlunin með alla tilveruna, það sem liggur á

bak við í öllu samhenginu, í sköpun alls alheims og allri sögu mannsins. Það er í þessu samhengi, sem sérhver líking stendur. Jesús tekur skýrt fram að það sem hann er að leiða í ljós með líkingunum séu hlutir sem séu *leyndardómur frá upphafi tímanna*. Ef við eigum að geta með einhverju móti tekið við líkingunum eins og þær eru meintar, þá verðum við að taka við þeim sem *leyndardómum*, eins og reyndar læri-sveinunum er heitið. Leyndardómarnir eru heldur ekki venjulegar gátur, sem liggja ljósar fyrir þegar skýringin er gefin, heldur er það þá fyrst sem maður byrjar að öðlast skilning á að þeir séu leyndardómar. Hebreska orðið sem notað er í sálm 78, **חִידוֹת** *chidót*, mætti líka ofurvel þýða gátur. *Chida* (**חִידָה**) þýðir nefnilega gáta. En þannig er það ekki þýtt, heldur sem *kekrymmena*, sem þýðir leyndar-dómar, fornar leyndir.

Í líkingunum talar leyndardómurinn í gegnum þann sem segir þær. Því má segja að tilvitnun Matt. 13,35 í Sálm 78 sé þungamiðjan í skilningi Jesú á líkingunum.

Hvað er það þá sem við höfum fyrir framan okkur? Við höfum mann sem segir: “Ég mun opna munn minn í dæmisögum (eiginlega: líkingum), mæla fram það sem hulið var frá grundvöllun heims.” Hann er sá sem talar í líkingum, sem enginn sá fær skilið sem ekki tekur á móti honum sem einhverju nýju.

Í kennslu Jesú er líka að finna hinar þekktu sjálfstáknar: Mannssonurinn, Sonur Guðs, ÉG (sá sem segir: ÉG ER), og þær þýða einnig þetta í munni Jesú: sá sem er frá upphafi til enda, sá sem er í miðju raunveruleikans.

Þegar Jóhannes byrjar guðspjall sitt með því að tala um Orðið sem var í upphafi og var hjá Guði og var Guð, þá er hann ekki að setja fram guðfræðikenningu. Allur formálinn er byggður á og er í samhengi við orð Jesú sjálfs, bæði þeim sem geymd eru í hinum guðspjöllunum og þeim sem geymd eru í guðspjalli Jóhannesar. Meðal orða Jesú er þetta að finna (Jóh. 17,5), en þar biður hann: “Faðir, gjör mig nú dýrlegan hjá þér með þeirri dýrð, sem ég hafði hjá þér, áður en heimur[inn] var til.” Hér talar hann greinilega

sem sá sem hefur haft hina guðlegu dýrð frá upphafi. Á sama hátt er talað í v. 24: “...dýrð mína, sem þú hefur gefið mér, af því að þú elskaðir mig fyrir grundvöllun heims (**προ καταβολης κοσμου** *pro kataboles kosmu*).”

Heitið “Mannssonurinn” þekkjum við og það er margt sem er sérstætt við það hvernig það er notað í NT. Vel þekkt er að það kemur oft fyrir í guðspjöllunum fjórum, í þeim *öllum* og í öllum þáttum þeirra, eða alls um 80 sinnum. Síðan sjáum við að þetta heiti hverfur að mestu, bæði í kirkjunni og í hinum rabbínska gyðingdómi. Jesús gengur út frá að nafnið “Mannssonurinn” sé þegar þekkt. Með því að kalla sjálfan sig “Mannsoninn” er hann að segja: Ég er sá sem þið hafið lesið og heyrt um.

Í þeim hópum sem Jesús talaði við var lesin hin svokallaða Fyrsta Enoksbók, en þar er veran mannsönurinn mikið hlutverk. Í hinni hebresku Enoksbók (3. Enoksbók), sem rabbíar hafa varðveitt í sýnagógunum, er rætt um sömu veru, sem er þó ekki nefnd þar þessu nafni heldur eru henni gefin önnur nöfn. Hvernig þessu viku við er vandsvarað. Tilgátur eru uppi um að innan hins rabbínska gyðingdóms hafi menn, eins og til að losna frá kristnum nöfnum eða hugsanlega kristnum kenningum, forðast að nota orðið “Mannssonurinn”. Þetta er þó ekki í samræmi við þá staðreynd, að þessi vera hefur einnig önnur heiti og lýsingar, til dæmis þá sem sam-einaðist Enok er hann var stiginn til himna og hafði hlotið upphaf. Mannssonurinn ber mörg önnur nöfn, sem gefa til kynna stöðu hans á himnum, eins og það sem samkvæmt okkar skilningi er jafn háleitt og hugtakið Manns-sonurinn: sá sem ber hið æðsta guðdómlega nafn. Þetta er einnig sérstakt, þar sem Manns-sonurinn er ekki orð sem komist hefur inn í hugtaka- eða orðasafn kirkjunnar eða safn-aðanna. Þá væri maður að hafna því, sem minnstur möguleiki er að hafna. Það er ekki mögulegt að hafna hugtakinu Mannssonurinn á þeim forsendum að kirkjan hafi komið því í notkun, því að það sem *að öðru leyti* á við um mannsönnurinn er einnig að finna í 3. Enoksbók.

Á síðustu (19., innsk. þýð.) öld og í upphafi þessarar, þegar menn voru sem gagnrýnastir og tilgátuglaðastir, var auðvelt að segja: nafnið Mannssonurinn er notað í guðspjöllunum af því að menn ferðuðust um Palestínu með þau og þar vissu menn hvað var átt við með heitinu; þegar kirkjan síðan kom út í “hinn hellenistíska heim”, eins og það var kallað (með því var átt við þá hluta hans sem voru utan Palestínu, sem er sérdeilis óheppilega að orði komist, þar sem Palestína lá í miðju “hins hellenistíska heims” — það er rétt eins og að segja að maður fari frá Selfossi til Íslands), gat hún ekki notað nafnið Mannssonurinn, vegna þess að hugtakið var óþekkt þar. Þetta er því bara dæmi um reyna að sleppa frá vandamáli á sem auðveldastan hátt. Við sjáum mjög ljóslega að það, hve mikið eða lítið rit Nýja testamentisins nota orðið Mannssonurinn, fer ekki eftir því hvort þau voru ætluð Gyðingum í Palestínu eða mönnum utan Palestínu. Málið er miklu leyndardómsfyllra en það.

Það sem hins vegar má líta á sem staðreynd er, að mjög auðvelt er að fullyrða að notkun heitisins Mannssonurinn í NT *takmarkast við orð Jesú sjálfs*. Heitið Mannssonurinn kemur fyrst og fremst fyrir þegar Jesús sjálfur er að tala. Þetta verður að vera grunnurinn að tilraun til að skynja hvers vegna “Mannssonurinn” kemur næstum alls ekki fyrir í öðru samhengi. Aðeins þrisvar kemur þetta heiti fyrir utan guðspjallanna. Þar með erum við komin að kjarnanum á heitinu Mannssonurinn: *Hvernig Jesús notar það á sjálfan sig*.

\*

Af orðum Jesú má að sjálfsögðu merkja nokkra einkennandi þætti. Í Lúk. 7,33 n. talar Jesús um hvernig fólk þessarar aldar hegðar sér; hann segir m.a.: “Nú kom Jóhannes skírari, át ekki brauð né drakk vín, og þér segið: ‘Hann hefur illan anda (δαίμονιον, demon).’ Og Mannssonurinn er kominn, etur og drekkur, og þér segið: ‘Hann er mathákur og vínsvelgur, vinur tollheimtumanna og bersyndugra!’” Hér kemur skýrt fram að *Mannssyninum er tekið með*

*háði og andúð af samtímamönnum sínum*. Þetta er reyndar ekki fullt inntak þessa ritn-ingarstaðar, en með tilliti til þess hvað “Manns-sonurinn” þýðir í munni Jesú, er hér átt við þann sem kemur fram meðal samtímamanna sinna og er tekið af *andúð*. Hann fær þann dóm meðal þeirra að vera átvagl og vínsvelgur.

Í Lúk. 11,30 er allt á svipaðan veg. Þar stendur: “Því Jónas varð Nínívemönnum tákn, og eins mun Mannssonurinn verða þessari kynslóð (þ. e. a. s. tákn).” Hér er þannig aftur fjallað um samband við þá kynslóð sem hann kemur fram í.

Í Mark. 9,9 er talað um Mannssoninn sem eitt sinn muni rísa upp frá dauðum. Hér sem sagt Jesús meðal lærisveina sinna og hann segir, að *hann sem manns-sonur muni rísa upp frá dauðum*.

Ennfremur sjáum við á öðrum stöðum að Mannssyninum muni verða mætt með fullu hatri af þeim máttarvöldum heimsins sem eru starfandi og virk í þessari kynslóð. Þessi skilningur liggur á bak við orð Jesú eins og þau, að hinir sönnu lærisveinar, *sem lærisveinar Mannssonarins*, muni verða fyrir ofsóknum. Í sæluboðuninni í Lúk 6,22 stendur: “Sælir eruð þér, þá er menn hata yður, þá er menn útskúfa yður og smána ... vegna Mannssonarins.” Það er hatrið gegn hinu guðlega, þ.e.a.s. hið djöful-lega, sataníska hatur, sem vinnur í gegnum mennina, *menn ofsókna*, hatur sem vaknar til lífsins vegna þess að kraftur Mannssonarins er virkur.

Eitt er það einkenni sem sérstaklega tengist því að Mannssonurinn er smánaður, hataður og ofsóttur, að hann eigi að deyja og að hann sé gjörsamlega varnarlaus og án krafts í þessari kynslóð. Þekkt er það sem Jesús sagði í Matt. 8,20: “Refir eiga greni og fuglar himins hreiður, en Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að að halla.” Mannssonurinn er í raun og veru *heimilislaus* hér. Þegar Jesús kallar sig Mannsson, þá er það í samhengi við slíka drætti, sem teknir eru saman í formála Jóhannesarguðspjalls með orðunum: “Hann kom til eignar sinnar (síns eigin, skv. grunntexta, innsk. þýð.), en hans eigin menn tóku ekki við honum.” (egl. “...hans eigin tók ekki...” innsk. þýð.) (Jóh. 1,11). Hann kom

úr framandi heimi, og sá heimur, heimur Guðs, er sá sem hann á mannheim í. Hann er sprottinn fram úr hendi Guðs sem hans eina sköpun. Hann er Orðið frá upphafi, sem allt er orðið til fyrir, og heiminn á hann. Þegar Jesús talar um komu Orðsins-Krists til síns eigin (eignar sinnar), þar sem ekki var tekið á móti honum, notar hann Mannssonarheitið á sjálfan sig.

Mannssonurinn er einnig sá sem í þessum heimi sýnir uppruna sinn með því að hann hefur vald til þess að fyrirgefa syndir og vald til þess að halda dóm.: “En til þess að þér vitið að Mannssonurinn hefur vald til að fyrirgefa syndir á jörðu...” (Mark. 2,10). Það er sem sagt hann sem nú er kominn hingað til jarðar, mitt á meðal þessarar kynslóðar. Hann hefur vald til að fyrirgefa syndir og hann mun verða að dómi — hann mun halda dóm.

Í 1. En. er talað um Mannssoninn sem dómara. Hann tilheyrir tímum endalokanna. Og Jóh. 5,27 segir: “Og hann (Faðirinn) hefur veitt honum vald (εξουσια= vald, embætti, framkvæmdavald) til að halda dóm, *því að hann er Mannssonur.*” Sonur Guðs hefur sem sé fengið vald til þess að halda dóm af því að hann er Mannssonur. Þetta er mjög athyglisvert. Sá sem heldur dóm er Guð. Að sjálfsögðu hefur Guð vald til þess að halda dóm. Dómsvaldið er í hendi Guðs; það er guðlegt. Strax á undan tilvitnuninni talar Jesús um sjálfan sig sem “Sonurinn” (=Guðssonur). En þegar hann talar um að hann hafi fengið vald af Guði til að halda dóm, skýrir hann það út með því að hann sé Mannssonur. Af því að hann er Mannssonur hefur hann vald til þess að halda dóm. Sú skýring er útilokuð að hann hafi fengið sérstakt vald til að halda dóm af því að hann sjálfur sé maður mitt á meðal manna, og þekki þess vegna aðstæður þeirra. Hér er ekki um að ræða mennsku hans heldur guðdómsvald, vald sem honum er gefið af Guði til að halda dóm. Mannssonarhugtakið merkir hér hinn guð-dómlega sem dómara.

Orðið “dómur”, á grísku κρισις, *krísis*, þýðir hér einnig krísa, eitthvað sem krefst ákvörðunar-töku. Sá sem kemur frá hinum guðdómlega heimi verður dómur (krísa) fyrir það að mennirnir

elskuðu myrkrið meira en ljósið (Jóh. 3,19: “En þessi er dómurinn: Ljósið er komið í heiminn, en menn[irnir] elskuðu myrkrið fremur en ljósið, því að verk þeirra eru vond.”). Þeir sem hann kom til kusu myrkrið umfram ljósið. Það á sér sem sagt stað þess lags ákvörðunartaka, þess lags krísa. Heimurinn dæmist fyrir það að hann elskar myrkrið umfram ljósið.

Það er því ekki hið mannlega heldur hið guðlega sem lögð er áhersla á með heitinu “Mannssonurinn”. “Mannssonur” er í þessu samhengi meira en “Guðs sonur” (svo fremi að hægt sé að gera greinarmun á því). Af þeim heitum sem Jesús notar á sjálfan sig, táknar einkennisheitið “Mannssonur” hið guðlega í enn dýpri og leyndardómsfyllri merkingu en “Guðs sonur”, rétt eins og það er í sjálfu sér æðra en einkennisheitið “Messías” (“Kristur”), horfi maður til hvernig heitin eru notuð hvert fyrir sig. Þetta þýðir þó ekki að Kristur sé eitthvað minna sem Guðs sonur, heldur að sjálft heitið “Mannssonur” felur í sér í samhenginu eitthvað sem gefur til kynna ennþá meira af hinu guðlega eðli, sem Kristur þó alltaf hefur, heldur en heitið “Guðs sonur”. Það er ekki smátt sem sagt er um Soninn: “Eins og Faðirinn hefur líf í sjálfum sér, þannig hefur hann einnig veitt syninum að hafa líf í sjálfum sér.” (Jóh. 5,26). Og þar við bætist, v. 27: “Og hann hefur veitt honum vald til að halda dóm, *því að hann er Mannssonur.*” Hann á sem Mannssonur hlutdeild í hinum guðdómlega dómsrétti.

Annar þáttur sem skiptir sérstaklega miklu máli, kemur fram í ritningarstöðum eins og Lúk. 19,10: “Því að Mannssonurinn er kominn að *leita að hinu týnda og frelsa það.*” Mannssonurinn kom til þess að frelsa hið týnda. Í Mark. 10,45 er ritningarstaður þessu líkur: “Því að Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til að þjóna og gefa líf sitt (þ.e. sjálfan sig) til lausnargjalds fyrir marga.” Meira að segja hjálpræðisverkið er þætt saman við mannssonarhugtakið, einkum þegar um er að ræða hina dýpstu verkan í hjálpræðinu: að gefa líf sitt fyrir hina mörgu, að leita uppi hið týnda og frelsa það.

Við þurfum að átta okkur á hvað hið týnda er. Það þýðir það sem týnt (tapað) er í öllu tilliti. En það verður að setja það í samband við upphafið og endinn. Það er hinn frá upphafi týndi maður, *maðurinn eins og hann er í sínu týnda upphafi*. Hér höfum við einnig Manns-soninn, hinn leyndardómsfulla, opinberandi Frelsara, sem opinberar jafnvel það sem mann-inum er týnt, hið týnda mannkyn, *hið týnda í manningum*. Hann er sjálfur frá upphafi kominn frá heimi Skaparans og leitar uppi það sem orðið er framandi og fjandsamlegt sínu eigin upphafi eins og því er lýst í sköpunarsögunni: “Og Guð skapaði manninn *eftir sinni mynd* (í sinni mynd)...” (I.Mós. 1,27). Nafnið “Manns-sonurinn” tengist því að hann er “ímynd hins ósýnilega Guðs...” (Kól. 1,15). Segja má að þetta sé háttur Páls að túlka nafnið “Mannssonurinn”: “...Hann er ímynd (εικον = íkon) hins ósýnilega Guðs, frumburður allrar skepnu (= πρωτοτοκος, fyrst fæddur, á undan allri sköpun). Enda var allt skapað í honum...” Þetta stendur í beinu framhaldi af orðunum: “Í honum eigum vér endurlausnina, fyrirgefningu synda vorra.” Hann hefur vald til þess að fyrirgefa syndir á jörðu, af því að hann er sá Mannssonur, sem frá upphafi var og mun halda áfram að vera ímynd hins ósýnilega Guðs.

\*

Þessi himneska vera, Mannssonurinn, ber hið æðsta guðlega Nafn, eins og víða er minnst á í Nýja testamentinu. Þar ber Kristur hið æðsta Nafn. Í Fil. 2,9 er skýrt sagt að Guð hafi gefið honum — sem sé að hann hafi *fengið* — Nafnið sem öllum nöfnum sé æðra. Hvert er þetta Nafn? Það er hið æðsta Nafn Guðs, nafnið sem ekki var hægt að bera fram.

Jesús *fékk* sem sé þetta Nafn; honum var látið það í té. Hver lét honum það í té? Guð. Það er þetta sem sýnir fram á að hann er guðdómlegur. Jesús gefur þetta til kynna á eftirfarandi hátt: “Ég og faðirinn erum eitt” (Jóh. 10,30). Hann ber sama nafn og Guð, hið ósegjanlega Nafn (sem ekki er hægt að bera fram), sem menn geta ekki nefnt og aldrei er nefnt í NT. Í Hinum heilögu

ritningum er það táknað með יהוה, JHWH, en við verðum að kyngja þeirri ómótmælanlegu stað-reynd, að hvergi er kveðið að orðinu í NT. Þar er það hvergi borið fram, hvorki sem “Jehóva” eða nokkuð annað. Ég vil enn og aftur leggja á það áherslu að þessari himnesku vera, Manns-syninum, er *gefið* þetta Nafn. Hann tekur sér það ekki, heldur er það á grundvelli einingarinnar milli Föðurins og Sonarins, sem Faðirinn *gefur* honum hið æðsta guðlega Nafn.

Það er óvenju mikil dýpt í þessu, að Nafnið er ósegjanlegt. Til er arfsögn, sem tekið er mark á í handbókum eða hvar sem hún yfir höfuð er nefnd, sem segir frá því að á friðþægindaginum mikla hafi æðstipresturinn nefnt þetta Nafn og að framburður þess hafi síðan fallið í gleymsku þegar musterið var eyðilagt og síðasti æðstipresturinn gekk út, enda hafi hann ekki mátt segja Nafnið nema í hinu allrahelgasta. Þetta er *arfsögn* eða eins konar táknað frásögn, “*legend*”, sem reynir að gefa í skyn hvað um er verið að fjalla. Í NT er það greinilegt að Nafnið er ekki sagt, það er ekki borið fram. Hugsanlega má segja að framburðurinn hafi “gleymst”, þó að ekkert slíkt sé að finna í NT. Maður ætti þó að minnsta kosti að fá hugmynd um hvað er átt við með þessu. Hvað olli því að framburðurinn féll í gleymsku og hvenær gleymdist hann? *Hann gleymdist við syndafallið*. Þegar Guð skapaði manninn, skapaði hann — stendur skrifað — manninn í sinni mynd. Því fylgir ekki að vita um, heldur að þekkja hið guðlega eðli (hina guðlegu verund). Hér er mér umhugað að leggja áherslu á að þetta er ekki kórrétt skýring eða framsetning út af fyrir sig, heldur er hér aðeins verið að gefa hugmynd um hvað átt er við með því að segja að framburðurinn hafi gleymst. Eftir syndafallið vitum við ekki fram-burðinn á Nafninu guðdómlega.

Enn fremur er þess að gæta að Jesús sjálfur sagði lærisveinum sínum aldrei hvernig ætti að bera Nafnið fram: hann bar aldrei nafnið יהוה JHWH fram. En í Jóh. 17,6 stendur: “Ég hef opinberað nafn þitt þeim mönnum sem þú gafst mér úr heiminum.” Til er arfsögn “*legend*” varðandi þennan ritningarstað, þó engan veginn

jafn útbreidd og hin áður nefnda. Menn hafa getið sér þess til (tilgáta sem reyndar er mjög vel fallin til að skýra málin), að ein af aðal ástæðunum fyrir ákæru andstæðinga Jesú gegn honum fyrir guðlast, hafi verið sú að hann hafi opinberlega borið fram hið æðsta guðlega Nafn. Þetta er hrein tilgáta; ekkert skjal er til um þetta. Þetta er yfirborðskennd tilgáta, byggð á yfirborðskenndum skilningi. Ég geri ráð fyrir því, að ekki eingöngu þeir sem útleggja Guðs orð, heldur einnig þeir lesendur Biblíunnar, sem þekkja andann í NT, skilji að Jóh. 17,6 beri ekki að skilja svo: “Ég hef kennt þeim mönnum sem þú gafst mér hvernig bera eigi bókstafina í nafni þínu fram.” Allir skilja nú að hér er átt við að hann hafi skýrt fyrir þeim hvað Nafnið táknar, það sem Nafnið felur í sér.

Á hvaða hátt opinberaði Jesús nafn Guðs lærisveinunum? Til þess að gefa til kynna á hvern hátt beri að skilja þetta, mætti orða það með eftirfarandi hætti, þó að ekki sé það orðað svo í NT: *Hann var sjálfur, í persónu sinni og í verkum sínum, framburður hins ósegjanlega Nafns Guðs.* Þetta má einnig styðja með því sem segir í Jóh. 1,14: “Og Orðið varð hold og hann bjó með (tók bústað, hafði sína שכינה *she-kina*, *shekina* Guðs, hjá) oss ... og vér sáum dýrð hans...” (Shekinah er síðgyðinginglegt orð, sem táknar hina guðlegu dýrð, dregið af rótinni/sögninni shachan, שכן að búa, dvelja, og er það orð sem í síðgyðingdómi kemst næst því að tákna Heilagan Anda, sbr. NBD, innsk. þýð.). — “Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð” (Jóh. 1,18). — Þetta er hliðstætt því að enginn getur borið fram hið æðsta guðdómlega Nafn. Síðan kemur hið óþýðanlega hugtak, lokaorð formálans: “... Sonurinn eini, Guð, sem er í faðmi föðurins, hefur birt (útlagt, εξηγησατο, *exegesato* = útleggja, túlka) hann.” [Hér er sleppt úr umfjöllun um ranga þýðingu í sænsku útgáfu NT. Odeberg þýðir svo: “... hinn einfæddi Sonur, sem er í faðmi (skauti) Föðurins hefur útlagt (hann).”] — “Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð” — hliðstætt: enginn maður þessa tíma hefur nokkru sinni getað eða mun nokkru sinni

getað borið fram hið æðsta guðdómlega Nafn. En til er *einn* sem hefur borið fram Guð, lagt hann fram, þ.e.a.s. borið fram Nafn hans í persónu sinni, í verund sinni, svo að “vér sáum dýrð hans, dýrð sem Sonurinn eini á frá Föðurnum (dýrð sem hins einfædda (eingetna) frá Föðurnum).” Doxa, δοξα, þýðir hin Guðdómlega dýrð.

Hið æðsta Nafn Guðs á við Mannssoninn, sem þann sem ber hið æðsta guðdómlega Nafn. Maðurinn er skapaður í ímynd Guðs. Einn maður er til, sem er ímynd hins ósýnilega Guðs, sem sé Mannssonurinn eða Maðurinn. Hann er raunveruleg “ímynd (εικον, *eikon*) hins ósýnilega Guðs, framburður (þ. e. sem Mannssonur) allrar skepnu (egl. á undan allri sköpun).

Þegar menn lásu í Ísrael um hvernig Guð opinberaðist Móse í hinum brennandi þyrni-runni (II. Mós. 3) og talaði um nafn sitt, skildu menn það heldur ekki svo að Móse hafi fengið að vita framburð Nafnsins. Þess vegna spurði hann: “... En þegar ég kem til Ísraelsmanna og segi við þá ‘Guð fedra yðar sendi mig til yðar,’ og þeir segja við mig: ‘Hvert er nafn hans?’ hverju skal ég þá svara þeim?” (v.13). Með öðrum orðum: “Hvaða nafni á ég að nefna þig?” Svarið er: “ÉG ER sendi mig til yðar” (v 14). Þannig er ÉG ER eitt af þeim orðasamböndum sem *gefa til kynna* hið æðsta Nafn. Þetta er síðan fært út í þrjá liði: “... hann (sá) sem er og [sá sem] var og [sá sem] kemur (er komandi)...” (Op. 1,8). Hér má bæta við orðasambandinu “hinn Fyrsti og hinn Síðasti” (Op. 1,17) og “Alfa og Omega”, upphafið og endirinn” (Op. 21,6). Í NT sjáum við hvernig Jesús notar hið æðsta nafn alls staðar þar sem hann segir um sjálfan sig: “ÉG ER...”

\*

Við tökum nú upp þráðinn í kristólógíska kaflanum í Fil. 2, en þar segir í 9. v.: “Því hefur og Guð hátt upp hafið hann og gefið honum nafnið sem öllum nöfnum er æðra...” Við spyrjum: *Hvenær* átti þessi upphafning sér stað?

Við meira eða minna yfirborðskenndan lestur má auðveldlega skilja þetta svo að Kristur hafi

orðið maður og verið hlýðinn allt til dauða á krossi og síðan risið upp (sem ekki er nefnt í Fil. 2) og að hann þá fyrst að þessu loknu hafi verið upphafinn og fengið hið æðsta nafn. Menn skilja þetta þá svo sem að um tímaröð sé að ræða. Þessi túlkun hefur það að sjálfögðu í för með sér að Kristur hafi fyrir þessa ákveðnu stund ekki borið hið guðdómlega Nafn. En nú er sagt í upphafi þessa kristólógíska kafla, að hann hafi ekki talið það feng sinn (sem rán, eldri þýðing) að vera jafn Guði (v. 6). Tali menn um fyrir og eftir, þá verður að skilja þetta vers svo að hann hafi verið jafn Guði fyrir hold-tekninguna.

Ennfremur er að merkja að hefði það verið skilningur Páls, að Kristur hafi náð hærri stöðu eða orðið æðri eftir upprisuna en nokkru sinni fyrr, þá væri það í ósamræmi við alla hina evangelísku framsetningu, við orð Jesú sjálfs. En ekki nóg með það, heldur væri það í ósamræmi við það sem við finnum í öðrum ritum Páls sjálfs, t. d. Kólossu- og Efesus-bréfunum, einkum hinum kristólógíska kafla í Kól. 1, sem hafa ber sem niðurstöðuorð til minnis.

Enn einu sinni við ég benda á að hin kristólógíska framsetning í Kól. 1 er ekki einhver sjálfstæð guðfræði, heldur að það sem þar segir gengur út frá orðunum: “...Í honum (Syni Guðs) eigum vér endurlausnina, fyrirgefningu syndanna...” (v14). “Hann er ímynd hins ósýnilega Guðs, frumburður allrar skepnu. Enda var allt skapað í honum...” Þetta er í fullkomnu samræmi við formála Jóhannesarguðspjallsins, þar sem segir: “...Án hans (Orðsins, Krists) er ekkert orðið til...”

Upphefðin er hér ekki eitthvað sem á sér stað í tímaröð. Eiginlega má segja að þessi upphaf sé óháð tíma “utan við tímann”. Að minnsta kosti er það rétt, horfi maður til tíma þessa “heims”. Jesús Kristur er upphafinn frá upphafi og ber frá upphafi hið guðdómlega Nafn. Nafnið á hann frá upphafi vegna þess að hann er hlýðinn allt til dauða á krossinum, því að þessi hlýðni, þessi krossdauði er fyrir hendi frá upphafi. Í sögu þessara tíma (tidsalder) hefur þetta átt sér stað á ákveðnum tímamarki, en út frá hinum himneska, andlega raunverulega sjónarhóli er þetta fyrir

hendi þegar í upphafi — það er ekki séð fyrir heldur er það sem raunveruleiki.

Enn og aftur — ekki veit ég í hvaða skipti — vísa ég til hinnar merkilegu framsetningu í Opinberunarbókinni 13,8, en þar segir: “... í lífsins bók lambsins sem slátrað var...” og í beinu framhaldi eftir “slátrað var” kemur: “...frá grundvöllun heimsins” (svo: sænska þýðingin og grunntextinn: αρο καταβολησ κοσμου). Það verður að gera ráð fyrir því að þessi orðaröð sé slík af ásetningi og að þess vegna liggi ákveðinn skilningur í þessu. Til þess að fá þessa orðaröð verður að fylgja grunntextanum og tala um Lambið sem *slátrað var frá grundvöllun heimsins*. Það þýðir með öðrum orðum að hér er kross Krists með frá upphafi, og að þar með komi sjálft Hið æðsta Nafn Guðs fram.

Jesús kallar sjálfan sig Mannsson. Einkenniandi fyrir Mannssoninn er það að hann á hið æðsta nafn Guðs. En hann notar einnig hin dularfullu hugtök, sem ekki alltaf koma fram í þýðingunni, hugtök eins og “ÉG ER” eða “Ég er hann (sá)” — “Hann er ég (אֲנִי־הוּ Aní Hú)”, þessi orð sem á svo þýðingarmikinn hátt koma fyrir í mismunandi samhengi í Guðspjöllunum. Með þessu er fyrst og fremst átt við að Jesús sjálfur hafi talað þessi orð og að hann hafi gert það á dularfullan og leyndardómsfullan hátt. Þá hafa lærisveinarnir greinilega skilið þetta eða verið kennt það, og þannig eru orðin komin inn í texta Guðspjallanna á mjög leyndardómsfullan hátt. Ekki leikur vafi á því að “Ég er” og jafnvel aðeins orðið “Ég” (með áherslu) er bein tilvísun til orðanna í 2. Mós. 3, þar sem þetta æðsta nafn var opinberað Móse. En honum er ekki gefinn framburður Nafnsins og þess vegna spyr hann hvernig hann eigi að gefa nafnið til kynna. Svárið fær hann: “Svo skalt þú segja...’ÉG ER’ sendi mig...” Nafnið er sem sé gefið til kynna með “Ég er”. Móse á ekki að segja “Ég er” um sjálfan sig, heldur á hann að segja að “ÉG ER” hafi sent hann.

Þegar Jesús kemur getur hann *sjálfur* sagt: “ÉG ER”. Hann sem á hið æðsta Nafn Guðs er sjálfur kominn.

Nú þurfum við að athuga að í þessu “Ég er” er þegar að finna tilvísun um innihald þessa guðdómlega Nafns. Enn á ný mætast leyndardómar gyðingdómsins og Nýja testamentið á nákvæmlega sama stað, eða með öðrum orðum: frá sjónarhóli Nýja testamentisins geymir hinn gyðinglegi leyndardómur sannleikann í þessu tilliti. Þvert ofaní faríseismann og fleiri stefnur, er samræmi í mörgum hlutum með gyðingdóminum og Nýja testamentinu.

Þýðingin kemur í þremur stigum. Hið fyrsta er einþætt: “ÉG ER”. Hið annað er: “Ég er hinn fyrsti og hinn síðasti...” (Op. 1,17). Þriðja stigið er þríþættingin: “...sá sem er og var og kemur...” (Op. 1,8).

Það er athyglisvert að þar sem þetta æðsta Nafn Guðs er gefið, er það í því samhengi að Kristur, sem á þetta Nafn Guðs, kemur fram sem sá sem er frá upphafi, gegnum allar aldir og allt til enda. Nafn Guðs ber hann frá upphafi: sá sem var frá upphafi. — Nafnið “Sá sem kemur (hinn komandi)” má einnig með réttu skilja sem eigandi við framtíðina að því leyti að það vísar til og svarar til endalokanna, endisins. — En jafnvel hvert einstakt stig eða þáttur er í senn bundin bæði upphafinu og endinum: Endirinn er einnig eitthvað sem er til frá upphafi eins og kross Krists þarna á milli er frá upphafi.

Í guðspjöllunum, bæði í orðum Jesú sjálfs og í orðum guðspjallamanna (t. d. í formála Jóhannesar) er lögð sértök áhersla á orðið “að koma”. Þegar Jesús talar um sjálfan sig sem Mannssoninn, segir hann: “Ég er kominn” eða “Hann kom”, “Mannssonurinn er kominn”. Þetta er ekki eitthvað orð sem ekki skiptir máli, heldur er það greinilega með áherslu: “Ég er kominn” = “Ég er hinn komandi”. — Jóhannes skírari sendir með þessa fyrirspurn: “Ert þú hinn komandi...?” Þannig á að þýða þetta en ekki: “Ert þú sá sem koma skal...?”, því að það gefur ekki alla meininguna. Það liggur djúp merking í þessu að Jesús er Hinn Komandi. Best væri að þýða þetta þannig að Hinn Komandi væri með stórum staf. Þetta er nefnilega eitt nafna þess sem ber hið æðsta guðdómlega Nafn og sem þess vegna er Endurlausnin og Fullkomnunin (Fullnunin).

Hægt er að komast nær inntakinu í því að hið æðsta Nafn Guðs er ósegjanlegt með því að segja sem svo: hið guðdómlega eða guðdóm-urinn hefur opinberað sig og kemur fram í opinberunarformum, eins og t. d. Páll orðar svo í hinum þekktu ritnigarstað Róm 1,20: “Hið ósýnilega eðli hans (Ósýnileiki, *aórata*, ἀορατα, hans) ... er sýnilegt (-ur) frá sköpun heimsins með því að það verður skilið af verkum hans (verkunum)...” Gríska orðið ποιηματα ποίημα (verk) er hér þýðing á hebreska orðinu מַעֲשֵׂה ma’aseh, sem kemur oft fyrir í Gamla testamentinu: “Öll verk þín, Drottinn, munu þakka þér” (sæska þýð., יְהוָה יְהוָה jódúkha; ísl.: lofa þig), stendur t. d. í Sálml 145,10, sem er einn af hinum daglegu morgunsálmmum (Sálml. 145-150).

Það má halda því fram að til sé heil sería af opinberunarformum, allt frá því sýnilega, hinu ytra byrði sköpunarinnar — fyrir Páli var það staðreynd að sá sem sá sköpunina sæi í henni skaparann — allt til opinberunar sem felst í guðlegri handleiðslu við menn, þjóðir og fólk Guðs. Hjálpræðisverk hans er opinberað. — Síðan kemur opinberun í formi guðlegra skipana sem gefnar eru fyrir spámenn. — Enn fremur er um að ræða opinberunarform í guðlegum kraftaverkum eða afleiðingarnar af starfsemi hans, það sem við köllum *hin tíu Sefírótt*, sem oft eru notuð og eru nefnd ýmsum nöfnum í NT. Meðal þeirra eru hugtök eins og viska eða speki og þekking eða innsæi (σοφία καὶ γνῶσις, *Sofía og gnósis*), náð og réttlæti o. s. frv.

En einnig er að finna það sem Páll kallar *aórata* (hið ósýnilega), hið guðdómlega sem *ekki* er opinberað — Guðdómurinn sjálfur í ótilgengi-leika sínum. Hið æðsta guðdómlega Nafn er ósegjanlegt á sama hátt og hið guðdómlega í sínu innsta eðli er ótilgengilegt (= ekki hægt að komast til þess). Þess vegna er það, að það skiptir svo miklu máli að hið guðdómlega Nafn er ósagt.

Gefið er í skyn að slíkt eigi einnig við meðal manna, sköpuðum af Guði, þegar þeir verða endurfæddir, fæddir á ný til þeirrar tilveru, sem þeir voru ætlaðir til við sköpun Guðs. Slíkur

maður fær, tekur við sem gjöf, “*nýtt nafn*” — og þetta orðalag er mjög lýsandi — “... *sem enginn þekkir nema sá sem við tekur*” (Op. 2,17), nafn sem enginn þekkir nema sá sem ber það. En það skiptir miklu máli að þetta nafn er *gefið*.

Hið æðsta guðdómlega Nafn felur í sjálfu sér sjálft eðli eða verund guðdómsins, og þá er það einmitt þetta sem er svo sérstakt og svo yfirþyrmandi: að Kristur ber þetta Nafn. Það sem ekki er hægt að opinbera verður sem sé sýnilegt í persónu hans. Það þýðir ekki að hið ósýnilega hætti nú að vera ósýnilegt, heldur að það komi nær mannum.

Nafnið ósegjanlega og Hið ósýnilega heyrir saman. “Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð” (Jóh. 1,18) er hliðstætt því að ekki er hægt að bera fram “Nafnið sem öllum nöfnum er æðra”. “Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð” — það á við, þegar Jóhannes hefur sagt þar á undan: “...vér sáum dýrð hans...”, og þetta síðara leiðir af og er í samhengi við það sem Jesús hefur sjálfur sagt samkvæmt þessu Guðspjalli, eins og: “Sá sem hefur séð mig hefur séð Föðurinn” (Jóh. 14,9). En sá sem þannig hefur séð Föðurinn hefur aldrei séð Guð. Í orðunum: “Sá sem hefur séð mig, hefur séð Föðurinn”, liggur nákvæmlega þetta: “Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð...” En sá sem hefur séð Krist, hann hefur guðdómurinn nálgast.

Það er þetta sem er svo mikilvægt að taka eftir, þetta stórkostlega: Nafnið er ósegjanlegt — Guð getur enginn nokkurn tíma séð. Það gildir allt eins eftir að Kristur varð opinberaður, og einkum *þá*, fær maður innsýn í það að enginn getur nokkurn tíma séð Guð. Á sama tíma hefur sá sem hefur séð Krist séð Föðurinn. Þannig getur Jesús sagt: “Ég hef opinberað (*sýnt*) nafn þitt þeim mönnum, sem þú gafst mér úr heiminum “ (Jóh. 17,6). Það þýðir ekki að hann hafi gefið þeim framburðinn, gert þeim mögu-legt að bera fram þetta Nafn, rétt eins og það þýðir heldur ekki að hann hafi opnað þessum mönnum hina himnesku dýrð og konungsstól tignarinnar, heldur felur það í sér að *í honum* hefur allt komið af Guði til manna, svo að hann geti verkað og starfað í þeim sem vilja taka á móti því. Þetta er óhemju stórkostlegt og langt hafið yfir mannlegan skilning.

*Þýð.: Böðvar Björgvinsson*